

Reykjavík, 6. janúar 2000

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/609*  
*komudagur 11. 1. 2000*

## Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um frumvarp til laga um kjarasamning opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 14. gr. gildandi laga bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sína að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.“

*BSRB leggst alfarið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum með eftirfarandi röksemdum:*

### **1. Frumvarpið er brot á samkomulagi**

Í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau voru sett á grundvelli samkomulags um efni laganna, sem undirritað var 24. nóvember 1986 milli BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaganna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar.

Með umræddu frumvarpi er fjármálaráðherra að breyta lögnum einhliða og án samráðs við samtök launafólks. Með þessu er fjármálaráðherra að rifta því samkomulagi sem gilt hefur í 13 ár um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitanda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta kemur eftirfarandi fram í 1. málsgr.:

„Meðan kjarasamningar eru í gildi ríkir svokölluð friðarskylda. Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni. Almennt hefur verið talið að

fríðarskyldan hvíli bæði á aðilum kjarasamnings og þeim sem bundnir eru af ráðningarsamningum sem styðjast við kjarasamninginn. Meginsjónarmiðið um að samninga beri að virða liggur til grundvallar fríðarskyldunnar en kjarasamningum er ekki síst ætlað að skapa starfsfríð á samningstímanum.“

Í athugasemdunum er lögð áhersla á mikilvægi þess að fríðarskylda sé virt meðan kjarasamningar eru í gildi. Undir það tekur BSRB. Fullur vilji hefur verið hjá BSRB að ræða um þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu. Jafnframt hefur BSRB lagt fram tillögur um breytingar á lögnum sem bandalagið telur brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem fjármálaráðherra vill gera á frumvarpinu. Þá hefur BSRB ítrekað lýst því yfir að rétt sé að endurskoða löginn um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá grunni með hagsmuni ríkisvalds og samtaka opinberra starfsmanna að leiðarljósi. Var óskað eftir því við fjármálaráðherra, með bréfi, dags. 19. nóvember sl., að skipuð yrði nefnd í því skyni með fulltrúum þeirra sem starfa eftir lögnum (sjá fylgiskjal 1.)

Einhliða breyting á lögnum nú er að mati BSRB brot á því samkomulagi sem gert var árið 1986 með setningu laga um kjarasamning opinberra starfsmanna og þar með rof á fríðarskyldu fjármálaráðherra.

## **2. Þrenging á réttarstöðu opinberra starfsmanna**

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að niðurstaða Félagsdóms, þar sem Félag íslenskra leikskólakennara var sýknað af kröfum Launaneftar sveitarfélaga fyrir hönd Árborgar vegna uppsagna starfsmanna á leikskólum sveitarfélagsins Árborgar, kalli á að ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélag og vinnudeilur, enda standi engin rök til þess að aðrar reglur gildi um fríðarskyldu opinberra starfsmanna.

Að hluta til hefur röksemdarfærslan fyrir þessu frumvarpi verið sú að ekki gangi að opinberir starfsmenn búi við önnur réttindi en starfsfólk á almennum vinnumarkaði og því sé full þörf á að samræma reglur um vinnustöðvanir og banna hópuppsagnir með lögum. Fjármálaráðherra hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lýst því yfir að vilji sé til að samræma reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum við þær sem eru við lýði á almennum vinnumarkaði. Eins og fram kemur fyrir í umsögn þessari hafnaði fjármálaráðherra tillögum BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands þar sem reynt er að samræma reglurnar því kerfi sem er á almennum vinnumarkaði.

Við þennan samanburð þarf að gæta að því að mikill munur er á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um stéttarfélag og vinnudeilur sem gilda á almenna vinnumarkaðinum. Í fyrsta lagi eru stórir hópar opinberra starfsmanna án verkfallsréttar, eins og t.d. lögreglumenn og tollverðir. Í öðru lagi býr verulegur hluti opinberra starfsmanna við takmarkaðan verkfallsrétt eins og t.d. starfsfólk heilbrigðisstofnana þar sem skylt er að tryggja nauðsynlega þjónustu komi til verkfalls. Í þriðja lagi má benda á 46. gr. í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samkvæmt 2. mgr. er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti að til auðnar um

starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Þetta ákvæði takmarkar rétt opinbers starfsmanns til að segja upp störfum sínum. Engar sambærilegar reglur takmarka rétt starfsmanna á almennum vinnumarkaði til þess að segja upp störfum sínum eða að boða til verkfalls. Umrætt frumvarp fjármálaráðherra þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna og felur ekki í sér þá samræmingu á reglum um opinbera starfsmenn við þær reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði eins og látið hefur verið í veðri vaka að stefnt sé að.

BSRB áréttar framkomna andstöðu við að þetta frumvarp verði að lögum.

F.h. BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir

**Hjálagt:**

- *Fylgiskjal 1*, dags. 19. nóvember 1999, bréf til fjármálaráðherra frá BSRB, BHM og KÍ.
- *Fylgiskjal 2*, frá 30. nóvember 1999, yfirlýsing frá BHM, BSRB og KÍ.
- *Fylgiskjal 3*, dags. 10. desember 1999, BSRB mótmælir samningsrofi fjármálaráðherra.

Reykjavík, 19. nóvember 1999

Fjármálaráðherra,  
Geir H. Haarde

Vísað er til fundar fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna með fjármálaráðherra og embættismönnum ráðuneytisins í gær. Í samræmi við þær umræður sem þar áttu sér stað um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er hér með komið á framfæri þeim breytingum sem samtökin telja brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem ríkisstjórnin leggur áherslu á.

Þá telja samtökin afar mikilvægt að í framhaldinu verði skipuð nefnd með fulltrúum þeirra sem starfa eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna um heildarendurskoðun laganna þar sem m.a. verði tekið á þeim takmörkunum sem löggin kveða á um umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Hér á eftir fara tillögur samtakanna með skýringum:

#### A

*Í stað 15. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna (sem verði felld brott) komi eftirfarandi texti 15. gr laga nr 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr 75/1996 – svo breyttur:*

#### 15. gr.

[Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja ~~vinnustöðvun-verkfall~~ er ~~hún það~~ því aðeins heimilt að ákvörðun um ~~hæna það~~ hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. ~~(fimmtungu)~~ helmingis atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt ~~atkvæða eða félagaskrá~~ og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta þeirra sem afstöðu taka greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um verkfall. ~~vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.~~

Nú er ~~vinnustöðvun-verkfalli~~ einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um ~~vinnustöðvun-verkfall~~ með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá ~~(fimmtungu)~~ helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um ~~verkfall~~ vinnustöðvun.

Í tillögu um ~~vinnustöðvun-verkfall~~ skal koma skýrt fram til hverra ~~henni~~ því er ~~(einkum)~~ ætlað að taka og hvenær verkfalli ~~vinnustöðvun~~ er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun verkfalls ~~vinnustöðvunar~~ að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærur fyrirvarsmönnum stéttarfélags eða samtaka stéttarfélaga samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa verkfalli – hvort sem það er hafið eður ei vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðuðum verkfalli ~~vinnustöðvun~~, einu sinni eða oft, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis

gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðuðum verkfalli ~~vinnustöðvun~~ og yfirstandandi verkfalli ~~vinnustöðvun~~ með samþykki beggja aðila.]

Tillagan felur í sér að sem mest samræmi verði á milli reglna laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna annars vegar og laga um stéttarfélög og vinnudeilur hins vegar hvað varðar boðun, frestun og aflýsingu verkfalls. Eina efnisbreytingin sem gerð er tillaga um er að í stað fimmtungs þátttöku í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun verði gerð krafa um þátttöku helmingss félagsmanna og að ekki verði vikið frá því skilyrði þótt póstatkvæðagreiðsla fari fram.

## B

*Ný málsgrein, er verði 5. mgr, bætist við nýja 15. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

Undirskrift til þess bærra fyrirsvarsmanna stéttarfélags eða samtaka stéttarfélaganna undir kjarasamning með fyrirvara um samþykki felur í sér frestun verkfalls þar til niðurstaða úr atkvæðagreiðslu liggur fyrir. Ef kjarasamningur er samþykktur er verkfalli þar með sjálfkrafa aflýst. Nú er kjarasamningur felldur í atkvæðagreiðslu og kemur þá boðað eða hafið verkfall að nýju til framkvæmda á miðnætti fullum sólarhring eftir að ríkissáttasemjara hefur borist tilkynning um niðurstöðu nema aðilar verði sammála um annan tíma.

Með þessari tillögu er ætlunin að eyða réttaróvissu sem kom til umræðu á fundinum í gær.

## C

*Í stað tölunnar "15" í 1. mgr 16. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna komi talan "7".*

Breytingin er til samræmis við lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ögmundur Jonasson,  
formaður BSRB.

Með kveðju,  
Eiríkur Jónsson,  
formaður KÍ.

Gisli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit sent Gunnari Björnssyni,  
starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Yfirlýsing frá BHM, BSRB og KÍ:

**Misbeiting ríkisvalds:**

**Leikreglum um kjarasamninga  
breytt einhliða**

Í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau voru sett á grundvelli samkomulags, sem undirritað var 24. nóvember 1986 milli BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um efni laganna sem aðilar komu sér saman um.

Í 13 ár hafa þessi lög gilt um samskipti ríkis og sveitarfélaga *sem vinnuveitenda* við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Löggin eru þær leikreglur sem gilda á hinum opinbera vinnumarkaði.

Nú ætlar annar aðilinn sem starfar eftir lögnum – sem jafnframt fer með löggjafarvaldið – að breyta þeim einhliða og án samráðs – hvað þá með samkomulagi við viðsejendur sína eins og þegar löggin voru sett. Í þessu felst gróf misbeiting ríkisvalds enda hafa samtök opinberra starfsmanna nú nýverið ítrekað þá afstöðu að rétt sé að endurskoða löggin frá grunni með hagsmuni beggja að leiðarljósi.

Lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna – sem þegar er mun þrengri en reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn segi upp störfum sínum til þess að ná fram sameiginlegu markmiði. Fullur vilji hefur verið til þess að ræða um slíkar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samhliða öðrum breytingum á lögnum. Breytingar á sameiginlegum leikreglum verður hins vegar að ákveða með samkomulagi en ekki aðeins breyta því einu sem vinnuveitendum er í hag hverju sinni.

Það er með öllu óviðunandi að annar aðilinn breyti leikreglunum einhliða skömmu áður en aðilar setjast að samningaborði.

Um það verður aldrei sátt.



10. desember 1999

## **BSRB mótmælir samningsrofi fjármálaráðherra.**

Sameiginlegur fundur stjórnar og formanna aðildarféлага BSRB mótmælir harðlega þeirri ákvörðun fjármálaráðherra að breyta einhliða leikreglum sem gilda um kjarasamninga hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna án þess að gert hafi verið samkomulag um það við þá. Kjarasamningslögin voru sett árið 1986 **eftir að undirritað hafði verið samkomulag um efni laganna á milli fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga hins vegar.** Þessu samkomulagi hefur fjármálaráðherra nú rift. Þetta eru óábyrg og með öllu óforsvaranleg vinnubrögð og lýsir BSRB fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðherra.